


BRÝNIÐ

7. árgangur 3. töl.

Fréttablað áhugamanna um tréskurð

Sept. 2002



Ferð til Noregs í júní 2003

Félagið áformar að efna til ferðar til Noregs í júní á næsta ári. Hjerleidskólinn í Dovre, sem er í Guðbrandsdalnum í Noregi, er þekktur fyrir kennslu í útskurði, mun halda uppá 100 ára sýningarafmæli sitt þann 15. júní 2003.

Ætlunin er að skoða þá sýningu og kirkjur og söfn í nágrenninu. Áætlað er að ferðin taki um 5 daga. Elsa Þóra sem lært hefur við þennan skóla ætlar að vera okkur innan handar við skipulagningu ferðarinnar. Reynt verður að afla styrkja til að greiða niður hluta kostnaðar við ferðina.

Þeir sem hafa áhuga á að fara í þessa ferð eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Elsu Þóru í síma 8981329, en síðar verða þátttakendur að staðfesta þátttöku sína.

Nánar verður greint frá fyrirhugaðri ferð síðar í Brýninu.

Námskeið á haustönn

Þetta er listi yfir þá félagsmenn sem stjórnin veit að munu halda námskeið á haustönn 2002:

Anna Lilja Jónsdóttir S: 553 8253
Bjarni Þór Kristjánsson ... S: 568 4654
Elsa Þóra Eggertsdóttir S: 898 1329
Friðgeir Guðmundsson S: 554 6775/
861 6775
Hannes Flosason S: 554 0123/
863 0031
Örn Sigurðsson S: 848 8659
Jón Adolf Steinólfsson S: 896 6234

Útleiga á bókum og myndum

Við viljum minna félagsmenn á að félagið á bækur og myndbönd sem hægt er að fá lánuð. Leigugjald myndbanda er kr. 300,- og kr. 3.000,- skilagjald en leigutími myndbandanna er tvær vikur. Skilagjald er endurgreitt þegar myndbandi er skilað. Leigugjald fyrir bækur er kr. 300,- og er skilagjaldið í samræmi við verðgildi þeirra. Umsjón með leigunni hefur Friðgeir Guðmundsson, Melalind 12 í Kópavogi. Sími á daginn er 560 7166 og á kvöldin 554 6775 eða 861 6775. Jafnframt er hægt að skrifa honum á fg@isal.is. Endilega nýtið ykkur þetta einstaka tilboð.

Teikningar

Teikningar eftir Elsu Þóru Eggertsdóttur verða til sölu hjá Gylfa í Hafnarfirði í vetur. eru þetta teikningar í barokkstíl, meðal annars klukka og barómeter.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 26. október kl. 10:00 í fundarsal ÍSÍ við hlið Íþróttarhallarinnar í Laugardal.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffiveitingar verða í boði félagsins.



Myndir

Þar sem það fer að stytast í það að félagið haldi upp á 10 ára afmæli sitt viljum við biðja félagsmenn sem eiga góðar ljósmyndir og/eða myndbands-upptökur af sýningum félagsins undanfarin ár að hafa samband við stjórnina. Ætlunin er að safna saman og skrá myndir og myndbandstökur og hafa til sýningar fyrir félagsmenn á þessum tímamótum í starfsemi félagsins.

Hautdagskrá

Myndbandakvöld

Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn 15. október kl. 20:00. Þar

verða sýnd myndbönd um útskurð og brýningar. Fundurinn er haldinn í sal ÍSÍ í Laugardal við hlið Íþróttahallarinnar. Félagar eru hvattir til að taka með sér myndbönd sem þeir eiga í förum sínum um þetta efni ásamt útskurðarbókum.

Þjóðminjasafnið

Farið verður í heimsókn á Þjóðminjasafnið, að Vesturvör 16 í Kópavogi, þriðjudaginn 19. nóvember kl. 20:00. Þar ætlar Lilja Árnadóttir, minjavörður á Þjóðminjasafninu, að taka á móti okkur. Hún mun sýna okkur og ræða um íslenskan útskurð á safninu. Lilja hélt fróðlegt erindi fyrir félagsmenn um tínur og öskjur vorið 2001.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>